

Samþjöppun aflaheimilda undanfarin veiðiar

Staðan á markaðnum

Höfundar
Særós Eva Óskarsdóttir
Jón Sch. Thorsteinsson

Undanfarin misseri hefur borið á því í umræðunni í samfélaginu að samþjöppun í sjávarútvegi sé sífellt að færast í aukana og að minni samkeppni gæti á markaðnum en áður. Svokölluðu kvótakerfi var komið á snemma á níunda áratugnum eftir að lög voru sett til að hafa meiri stjórn á aðgengi að sjávarauðlind Íslendinga.¹


Í síðustu grein² okkar fjölluðum við um samþjöppun á markaði fyrir aflaheimildir fyrir fiskveiðiaríð 23/24 miðað við eignarhald í árslok 2023 og skoðuðum hver samkeppnisáhrifin yrðu ef tveir stórir aðilar á markaðnum lytu sameiginlegum yfirráðum. Í framhaldi af því er vert að vekja athygli á þróun í samkeppni á þessum markaði frá fiskveiðiarínu 21/22 og til dagsins í dag, en töluverðar breytingar hafa átt sér stað.

Líkt og í fyrri grein okkar þá metum við samþjöppun með því að nota aflahlutdeildarreiðni Arev³ og notum tilmæli samkeppnisyfirlitvalda ESB til að skilgreina stig samþjöppunar á mörkuðum.⁴ Almenn telja samkeppnisyfirlitvalda ESB að markaðir séu samþjappaðir ef HHI⁵ er hærra en 2.500 stig. Þau stöðva oft samruna á samþjöppuðum markaði ef hækkingun á HHI við samruna er hærra en 150 stig. Bandarísk samkeppnisyfirlitvalda stöðva oftast samruna ef HHI hækkar um meira en 250 stig.

CR hlutföll eru einfaldari og gjarnan notuð þegar fjallað er um markaði sem vítað er að eru samþjappaðir, þar sem HHI er yfir 2.000 stig. CR8 mælir hlutdeild 8 stærstu aðila á markaði og á vel við skoðun á þessum markaði.

Mynd 1 hér að ofan sýnir að samþjöppunarstuðullinn (MHHI)⁶ fyrir þorskígildi⁷ er rúmlega 800, sem þýðir að markaðurinn er virkur samkeppnismarkaður, og því ekki samþjappaður.

Á myndinni kemur í ljós að markaðurinn fyrir aflaheimildir er að verða minna samþjappaður ár frá ári. Þetta sést á MHHI gildunum fyrir þorskígildi, sem fara úr 804 fyrir fiskveiðiaríð 21/22 en standa núna í 706 fyrir fiskveiðiaríð sem senn er að líða. Þorskígildistonn er veiðikvóti eða magn af afla af ákveðinni tegund sem telst vera jafnt að verðmætum og eitt tonn af þorski.⁸ Eins og kemur fram í skilgreiningum Samkeppnisefirlitsins þá er ekki um samþjappaðan markað að ræða ef að HHI gildi eru undir 1.000. Sömuleiðis þá eru CR³ og CR8 gildin einnig að minnka á milli ára. Þetta er vegna þess að loðnuvertíðin 21/22 var mjög stór. Hún var minni 22/23 og engin 23/24. Miklar heimildir í




Mynd 1 MHHI fyrir markaðinn fyrir aflaheimildir undanfarin þrjú fiskveiðiar

■ MHHI 21/22 ■ MHHI 22/23 ■ MHHI 23/24

loðnu hækka samþjöppunarstuðla þar sem eignarhald á aflaheimildum á botnfiski er almennt dreifðara en eignarhald á aflaheimildum á uppfjávafiski og sér í lagi heimildum til veiða á loðnu. Hins vegar þá eru einstakar tegundir, t.d. karfi/gullkarfi þar sem samþjöppunarstuðullinn er vaxandi og á bilinu 1.000 – 1.800, sem þýðir að markaðurinn er í meðallagi samþjappaður. Vert er að minnast á að breyting á tilteknum tegundum eftir úthlutunum á aflaheimildum getur oft dulist í heildarsamtölunni fyrir þorskígildistonn t.d. ef það er engin úthlutun á aflaheimildum fyrir loðnu. Sumir aðilar á markaðnum eru stórir í loðnu og þegar hún er ekki veidd þá lækkar þorskígildis stuðullinn, og er því sem stendur í rúmlega 700 stigum. Það verður því áhugavert að skoða breytingarnar sem verða á markaðnum fyrir aflaheimildir þegar t.d. loðnan kemur aftur.

Mynd 2 sýnir að þrjú stærstu aðilar á markaðnum (CR3) hafa minnkað umsvif sín á aflaheimildamarkaðnum undanfarin þrjú fiskveiðiar þegar þorskígildistonn eru skoðuð. Aðrar tegundir, svo sem þorskur, ufsi, og ýsa (botnsfisktegundir) fylgja öfugri leitni samanborið við þorskígildistonnin. Það er t.d. vegna þess að ef úthlutun á tegundum líkt og loðnu er lækkuð eða hverfur þá lækkar í raun hlutdeild þeirra aðila á markaðnum sem eiga stóran hluta af kvóta í þeirri tegund. Myndin sýnir sömuleiðis að þegar uppsjávartegundir eru teknar með að þá fylgja þær svipaðri leitni og þorskígildistonnin í heildina, en það má einnig sjá að CR3 er mun hærra þegar uppsjávartegundirnar eru teknar með, en ef þeim er sleppt eins og sést lengst til hægri á myndinni. Vert er að taka fram að þeir aðilar sem eru stórir í loðnu eru ekki jafn stórir í öðrum tegundum, sem gefur til kynna að þegar engin úthlutun á loðnu á sér



Mynd 2 CR3 fyrir markaðinn fyrir aflaheimildir undanfarin þrjú fiskveiðiar

■ CR3 21/22 ■ CR3 22/23 ■ CR3 23/24

Sögulegar staðreyndir


Þegar framtíðin virðist óljós þá er holt að líta til sögunnar. Gott getur verið að læra af henni þó hún geti trauðla endurtekið sig þá má bæði finna rím og enduróm. Farið hefur verið vandlega yfir sögu **fullveldisins** og krónunnar í tveimur síðustu forsíðugreinum þar sem staðreyndirnar æpa á áframhaldandi umræðu. Áður hefur verið fjallað um bæði **fullveldið** og **kostnaðinn** við **krónuna** hér í Vísbindingu. Sama á við um samþjöppun, eignarhald og samkeppni en seinni grein af **tveimur** sýnir tölurnar bæði fyrir aflaheimildir og dagvörumarkað.

Stöðugt er haldið áfram með þróun efnistaka á síðum Vísbindingar. Dyggir lesendur hafa tekið eftir viðtækari bakgrunni greinahöfunda, þó efnistökin falli áfram ávallt undir einkunnarorð vikuritsins - um viðskipti, efnahagsmál og nýsköpun. Þverfagleiki er grundvöllur árangursríkrar framþróunar og þess vegna birtast greinar af sviði hugvísinda og jafnvel sögulegar svo sem um **stjórnunarkenningar** og **niðurskurðarhyggju**.

Hagfræðileg stöðnun er næsta vís ef hugurinn er fastur í viðjum einstrengingslegrar hugmyndafræði. Í löndunum allt í kringum okkur sjáum við nú frjósama umræðu um þróun hagfræðikenninga, meðal annars vegna áskorana verðbólgunnar og baráttunnar við hana.

Árangurinn er ólíkur milli landa. Því er vissst áhyggjuefni að ekki sé meiri fjölbreytileiki þegar að fundargerðir peningastefnufndar birtast og allir þar eru sammála. Sögulega vitum við að einu sinni á þessari öld var farið með stýrivextina upp í 18% til að berjast við verðbólgu. Vonandi þarf aldrei að endurtaka þá tilraun.

Nýjustu verðbólgutölur, sem miðast nú við nýja aðferð við útreikning hús-næðisliðarins frá því í sumar, breytast vegna breytinga mæliaðferðanna. Væru verðbólgutölur síðustu ára leiðréttar afturvirkir miðað við samræmda aðferð þá væri okkar sögulega verðbólga nú minni. Þyrfu stýrivextir því varla að vera eins háir og þeir nú eru. Þegar staðreyndirnar breytast þá skipti Keynes karlinn um skoðun – og spurði jafnframt – hvað gerir þú?



Mynd 3 CR8 fyrir markaðinn fyrir aflaheimildir undanfarin þrjú fiskveiðiár.

■ CR8 21/22 ■ CR8 22/23 ■ CR8 23/24

stað þá eru miklar hreyfingar á markaðnum án þess að viðskipti hafi átt sér stað. Þ.e. þetta eru breytingar sem eru ekki útskýrðar af markaðshreyfingum heldur af úthlutun aflaheimilda. Það er mjög sjaldgæft að aflaheimildir skipti um hendur þar sem um er að ræða mjög verðmæta eign. Hins vegar eru viðskipti með aflamark mun algengari, þar sem aðilar geta veitt hvor öðrum veiðirétt á aflaheimildum sem þeir eiga, annaðhvort í gegnum skipti eða svokallað leiguverð á kvóta, sem er þó ekki varanlegt en gildir

einungis fyrir eitt fiskveiðiár. Helstu hreyfingar á markaðnum eru því af tvennum toga, annars vegar áður nefnd viðskipti með aflamark þar sem um tímabundin leigufnot veiðheimilda er að ræða og hins vegar samrunar eða yfirtökur stærri félaga á minni útgerðum til þess að ná fullu eignarhaldi á aflaheimildum.

Mynd 3 sýnir að CR3 og CR8 hafa haldist í hendur undanfarin fiskveiðiár, sem þýðir að þróunin fyrir stærstu þrjá og stærstu átta aðila á markaði fyrir aflaheimildir hefur verið svipuð.

Samþjöppun á dagvörumarkaði

Eins og kom fram í fyrri grein okkar þá hefur Arev um árabíl uppfært mat sitt á samþjöppunarhlutföllum dagvörumarkaðsins árfjórðungslega og í töflu 1 hér fyrir neðan er yfirlit yfir þróun á samþjöppun fyrir dagvörumarkaðinn eftir ársfjórðungum:

Líkt og tafla 1 sýnir þá er HHI dagvörumarkaðsins 3.258 stig ef miðað er við júlí 2024 og því greinilegt að um mjög samþjappaðan markað er að ræða þar sem samþjöppun hefur aukist undanfarin ár. Nýir aðilar sem birtast á markaðnum hafa verið frekar veikburða og geta hvorki

keypt sér hraðan vöxt né náð stærðarhagkvæmni auðveldlega. Það verður áhugavert að fylgjast með innkomu nýju lágvöruverðsverslunarinnar Prís og sjá hvaða áhrif tilkoma hennar mun hafa á samkeppni og samþjöppun á dagvörumarkaðnum.¹⁰ Þess má geta að MHHI/HHI stuðullinn fyrir dagvörumarkaðinn er um 2.500 stigum hærra en stuðullinn fyrir þorskigildistonn, sem er mælikvarði fyrir heildarsamþjöppun í eignarhaldi á aflaheimildum. Það verður því spennandi að fylgjast með þróun samkeppnisstuðla á báðum þessum mörkuðum á komandi misserum.

	júlí 2021			júlí 2022			júlí 2023			júlí 2024		
	sala	markaðs-hlutdeild	HHI stuðlar	sala	markaðs-hlutdeild	HHI stuðlar	sala	markaðs-hlutdeild	HHI stuðlar	sala	markaðs-hlutdeild	HHI stuðlar
Hagar	94,696	46.0%	2,111	100,454	45.9%	2,107	111,961	47.0%	2,206	127,821	47.2%	2,227
Festi	49,798	24.2%	584	51,887	23.7%	562	60,627	25.4%	647	75,153	29.6%	770
Samkaup	38,876	18.9%	356	40,119	18.3%	336	40,620	17.0%	290	41,961	16.5%	240
Heimkaup	-	-	-	-	-	-	-	-	-	5,287	2.1%	4
Fjarðarkaup	3,629	1.8%	3	3,906	1.8%	3	4,382	1.8%	3	4,143	1.6%	2
Costco	8,485	4.1%	17	8,485	3.9%	15	8,863	3.7%	14	8,826	3.5%	11
Skeljungur	4,473	2.2%	5	3,637	1.7%	3	4,628	1.9%	4	-	-	-
Euro & M. market	-	0.0%	-	-	0.0%	-	3,000	1.3%	2	3,292	1.3%	1
Aðrir	6,124	3.0%	9	10,377	4.7%	22	4,300	1.8%	3	4,361	1.7%	3
Samtals	206,081		3,085	218,865		3,048	238,381		3,169	270,844		3,258

Tafla 1 Staða samþjöppunar samstæða á dagvörumarkaði með söluskálum fyrir árin 2021-2024.

Tilvísanir

1. [hi.is](#)
2. [visbinding.is](#)
3. [arev.is](#)
4. Reiknaðir voru þrjú samþjöppunarstuðlar HHI(MHHI), CR3 og CR8 fyrir allan markaðinn, sjá fyrri grein til að sjá heildstæða skýringu á hverjum stuðli.

5. HHI stuðullinn (og eftir atvikum MHHI stuðullinn) má nota til þess að meta samkeppni. **Viðmið má sjá á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins.**
6. MHHI stuðullinn byggir á HHI og bætir við leiðréttingum vegna tengslum í eignarhaldi á milli fyrirtækja.
7. Þorskigildistonn: þorskur er með stuðullinn 1 sem er viðmið og verðmæti

- á öðrum tegundum miðar við þorskin
8. [visindavefur.is](#)
9. CR3 mælir hlutdeild þriggja stærstu aðila á markaði
10. [ruv.is](#)

Ritstjóri: Ásgeir Brynjar Torfason
Útgefandi: Sameinaða útgáfufélagið ehf.
 Aðalstræti 2, 101 Reykjavík, sími 415 2000
[visbinding.is](#) • [visbinding@visbinding.is](#)
 Öll réttindi áskilin. © Ritið má ekki afrita án leyfis.